



## **Grænni byggð – Green Building Council Iceland**

Stjórnarfundur Grænni byggðar

**Staðsetning fundar:** Zoom fjarfundur

**Dagsetning:** 20.05.2020 – 15:00 – 16:30

**Mættir eru:** Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, Ragnar Ómarsson, Kristján Arinbjarnar, Olga Árnadóttir, Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, Kristjana Ósk Jónsdóttir.

**Fundarritari:** Olga Árnadóttir

Stjórnarmeðlimir:

Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir (GMI) – Samorka - gyda@samorka.is

Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir fasteignafélag – kristjana@reitir.is

Kristján Arinbjarnar (KA) – Íslenskir aðalverktakar - ka@iav.is

Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is

Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is/ olafur.w@nmi.is

Ragnar Ómarsson (RÓM)– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is

Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Grænni byggðar– tk@graennibyggd.is

### **Dagskrá fundar:**

- 1. Fundargerð síðasta fundar - samþykkja**
- 2. Fréttir úr starfinu**
- 3. Aðild að WGBC**
- 4. BREEAM champion**
- 5. Rekstrarmál**
- 6. Aðalfundur**
- 7. Annað**



## 1. Fundargerð síðasta fundar – samþykkja

Þórhildur sendir út síðustu fundargerð.

## 2. Fréttir úr starfinu

Námskeið á vegum GB og Iðunnar var vel heppnað að mati Ragnar og Þórhildar. GB fær 100.000 kr. fyrir að halda námskeiðið. Kostaði Grænni byggð ekkert að halda námskeiðið. Vel sótt.

Morgunfundur um BREEAM viðauka – gekk einnig vel. Viðaukinn er í rýni hjá þeim aðilum Grænni byggðar sem sýndu áhuga á að taka þátt í þeirri vinnu.

Rafræn ráðstefna á vegum Landverndar og Circular Solution. Mjög vel heppnað. Þórhildur var með erindi. Um 200 manns.

Hugmynd um að halda viðburð um græna innviði og vistvænar samgöngur í kjölfar Covid. Þórhildur er í samtali við Eflu, Alta o.fl. varðandi það. Hamra járníð á meðan heitt er. Nú hefur þessi samgöngumáti aukist verulega í covid ástandinu. Gera meira úr því.

### Opinn fundur með aðilum:

Hugmynd sem Ragnar er með um árlegan vettvang þar sem fulltrúar allra aðildarfélagana er boðið að taka þátt á markvissan hátt. Ef við ætlum að færa okkur upp í emerging level þá þarf að uppfæra prófíl þess. Endurskoða þarf lög félagsins og grunnsamsetninguna á félaginu. Það þarf að gera þetta meira fókusað. Stjórnin hefur allt umboð til að móta starfsemi félagsins, það er ekki ætlast til þess að það sé tekist á aðalfundi um félagið, stefnu þess og helstu verkefni. Þó ásetningur aðildafélaga sé skýr. Það þarf að endurskoða lög félagsins að mati Ragnars. Það þarf að viðhafa lýðræðislegri vinnubrögð varðandi markmið og starf félagsins að mati Ragnars. Tengist umræðu um Emerging level aðild.

**Emerging Level aðild að WGBC:** Þýðir faglegri lög og stefnumótun í góðu samstarfi við aðildarfélögin. Ákveðnar kröfur varðandi fjármálin, það þurfa að vera fjölbreyttari stoðir undir fjárhaginn heldur en aðildagjöld. Þurfum að vera með starfsmannastefnu og aðildastefnu. Tvær formlegar breytingar varðandi lög sem þarf að fara í: tímamörk á stjórnarsetu og stjórnarformann. Eins þarf að samþykkja stefnumótun á aðalfundi. Það þyrfti að setja inn í lögin að stefnumótun næsta árs skuli samþykkt á aðalfundi. Þessi aðild þýðir líka að við komumst inn á fleiri fundi og rannsóknarverkefni á vegum WGBC. Tækifæri til að vera með fjölbreyttari tekjulindir. Grænni byggð þarf að taka betur á þessum málum í sínum lögum.

Ragnar nefnir að það þurfi að skoða hvað stjórnin geti gert á milli aðalfunda án þess að spyrja aðila. Þannig getur stjórnin skuldbundið félagið án þess að aðilar hafi nokkuð um það að segja. Svk. Ragnari ætti stjórnin að sækja heimild hjá eigendum. Við getum í raun ekki sótt um þessa aðild nema að breyta lögnum fyrst og fengið þau samþykkt á aðalfundi. Það styrkir félagið ef við gerum þessar breytingar að mati Ragnars stjórnarformanns.



Stjórnin ræðir sín á milli lagabreytingar. Stjórnin er sammála um að það sé almennt gott að endurskoða lög reglulega. Mismunandi skoðanir eru uppi um það hvort að bera þurfi allar ákvarðanir undir alla meðlimi félagsins. En sjálfsagt að velta öllu upp.

Jafnvel þarf að fara í þá vinnu að endurskoða lög félagsins.

**Frestur vegna Emerging Level umsóknar að WGBC til 12. júní.**

#### **Fjölmiðlaumfjöllun um félagið undanfarið:**

Bændablaðið

Björn Teitsson

Óborg – Rás 1

#### **Verkefni á dögnum:**

Sumarverkefnið: Hönnun bygginga í takt við Hringrásarhagkerfið (Vigdís Bergsdóttir)

Loftslagssjóður – kemur í lok maí

#### **HMS – Vegvísir um vistvænni byggingariðnaði til 2030.**

Hlutaskil fyrsta júlí – formleg skil fyrir 1. október.

Grænni byggð er búin að fá 500.000 kr. styrk frá HMS til að vinna að verkefninu.

Fyrstu drög að þeirri vinnu að verða til. Verkefnahópur í mótun. Það er bara skilað inn aðgerðaráætlun til að byrja með.

Þetta er vonandi fyrsta skrefið í stærri og meiri vinnu. Mjög mikilvæg og þörf vinna sem Grænni byggð verður þátttakandi í.

### **3. Aðild að WGBC – Emerging Level – frestur til 12. Júní**

Það er heldur bratt að ná að sækja um Emerging Level aðild fyrir 12. júní. Það þarf að vinna í frekari stefnumótun og lagabreytingum.

Við virðumst ekki ná að uppfylla öll skilyrðin fyrir aðild skv. Ragnari.

Að sækja um áður en að vera búin að fara með félagið í gegnum allt sem beðið er um er óráðlegt að mati Ragnars.

Afstaða Þórhildar er jákvæð gagnvart aðild. Þekkingarmiðlun og þekkingarsess félagsins mun eflast mikið. Allskonar tækifæri sem fylgja þessu að mati Þórhildar.



Styrkir fjárhagsstoðirnar og eykur þekkingu. Jafnvel atvinnuskapandi fyrir aðila Grænni byggðar.

**Afstaða stjórnar:** Stjórnin er nokkuð sammála um að þetta sé tækifæri fyrir félagið og öryggi sem fylgir þessari aðild, litlir möguleikar fyrir rannsóknir á Íslandi.

Þetta er rökrétt næsta skref fyrir félagið. Þetta á allavega að vera á stefnunni hjá félaginu.

En það þarf að taka þessa ákvörðun að yfirveguðu ráði. Líklega er félagið ekki alveg tilbúið eins og er.

Það væri hægt að ganga frá samþykki aðila fyrir þessu á aðalfundi í haust. Mögulega væri hægt að athuga hvort að það megi senda inn umsókn fyrir lok árs.

Ragnar og Þórhildur halda þessum boltum á lofti og heyra í James Drinkwater. Félagið vill gera þetta vel og vera undirbúin.

#### 4. BREEAM Champion hlutverk GB?

Þórhildur er ekki alveg viss. Katharina hjá Green Building Council Norway mælir með þessu hlutverki fyrir GB og stöðu þess á markaði. Noregur ráðleggur Íslandi að taka þetta að sér.

GB sem BREEAM Champion myndi halda utan um BREEAM námskeið og fl. tengt BREEAM á Íslandi.

Verðum að passa að þetta hlutverk kæfi ekki starfsemi félagsins.

Þurfum að vega og meta vel. Hversu mikið fjármagn og vinna fylgir þessu Champion hlutverki.

Hefur Grænni byggð tök á að ráða manneskju í þetta?

Sjá hvernig þetta hlutverk gagnast aðildarfélögunum.

Stjórnin þarf að fá betri innsýn í BREEAM Champion aðildina áður en við tökum afstöðu..Jafnvel fá aðila frá BRE til að kynna þetta fyrir stjórninni á fjarfundi.

Kostir þurfa að vera fleiri en færri.

Stjórnin sammælist um að vega og meta þetta hlutverk vel áður en endanleg ákvörðun verður tekin. Almennt er stjórnin þá jákvæð gagnvart þessu hlutverki og telur þetta geta styrkt Grænni byggð á ýmsan hátt.



### **BREEAM viðauki**

Er í rýni hjá þeim aðilum Grænni byggðar sem vildu taka þátt í því. Sú vinna er langt komin.

### **BREEAM reynsla verktaka**

Getur Grænni byggð beitt sér fyrir að gera BREEAM kröfur á verkstað aðgengilegri og auðveldari fyrir verktaka? Liðka til fyrir verktökum. Það væri öllum í hag. Verkkaupa og verktaka. FSR styður það heilshugar samkvæmt Olgu.

Efnismálin – Byko? Handbókin um Svanvottunina komin út. Eru að hefja vinnu við BREEAM efnismál. Það væri mikil bót í máli að fá slíka samantekt fyrir leyfileg efni í BREEAM vottuðum byggingum. Myndi spara ráðgjöfum og verktökum töluverða vinnu.

Það væri mjög sterkt að útbúa svipaðan lista fyrir BREEAM vottuð verkefni. Matsmaður þarf að koma að þessari vinnu. Þórhildur sér fyrir sér að GB verði meiri sérfræðingur í BREEAM ef við verðum Champion. Þá myndi Grænni byggð hafa ráðgefandi hlutverk út á við vegna BREEAM á Íslandi.

## **5. Rekstrarmál**

Elísabet Sara hefur hafið störf og er öflugur liðsstyrkur fyrir félagið. Er að vinna í allskonar málum. Er að fara í styrkt verkefni o.fl. Verður í starfi hjá Gænni byggð fram á haust.

Reitir hefur staðfest að Grænni byggð getur verið í húsnæðinu fram að jólum að öllum líkindum.

Allir aðilar búnir að greiða aðildargjöld.

## **6. Aðalfundur**

Ragnar hefur ekki fengið nein viðbrögð við pósti sem var sendur út vegna frestunar aðalfundar.

Spurning með stjórnarframboð – það hefur enginn boðið sig fram að svo stöddu, gætu komið óvænt framboð.

## **7. Annað**

Aðalfundurinn verður haldinn 11. september.  
Dagur grænni byggðar verður haldinn daginn áður.

Planið er að hafa einn stjórnarfund í júní – sumarhitting. Bjór og pizza jafnvel.